

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Stekkur 1, 3 og 5.

Óveruleg breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi að Stekk 1, 3 og 5, sem felur í sér að mörk og stærðir lóðanna breytast. Lóð nr. 5, L221597, er felld niður og sameinast lóðunum Stekk 1, L168122 og Stekk 3, L221596. Aðkoma að Stekk 3 er breytt og fyrri aðkoma felld niður. Byggingarreitir eru rýmkaðir og fjarlægð lóðarmarka frá þeim er hvergi minna en 10 m. Lóðamörk breytast innbyrðis milli lóða og þ.a.l. breytast lóðastærðir. Samþykkt í sveitarstjórn 19. nóvember 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 14. janúar 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 28. janúar 2021